



Garðabær
B.t. Umhverfisstofndar
Ráðhús Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	27.12.19
Málalýkill	11.3b
Mál nr.	1912323

Reykjavík 19. desember 2019
UST201902-114/I.M.B.
09.03

Efni: Tillaga að friðlýsingu Búrfells, Búrfellsgjár og Selgjár í Garðabæ á grundvelli náttúruverndarlaga

Samstarfshópur, skipaður fulltrúum frá Garðabæ, Umhverfisstofnun, umhverfis- og auðlindaráðuneyti, Ríkiseignum, Minjastofnun Íslands og landeigendum, hefur undanfarið unnið að undirbúningi að friðlýsingu Búrfells, Búrfellsgjár og Selgjár í Garðabæ sem náttúruvætti á grundvelli náttúruverndarlaga. Samkvæmt 39. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd annast Umhverfisstofnun undirbúning friðlýsingar. Skv. 2. mgr. fyrrnefndrar greinar skal Umhverfisstofnun gera drög að friðlýsingarskilmálum og leggja fyrir landeigendur og aðra réttihafa lands, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Frestur til að gera athugasemdir við fyrirhugaða friðlýsingu skal vera þrír mánuðir og skal stofnunin í kjölfarið vísa málinu til ráðherra með tillögum að friðlýsingarskilmálum og gera grein fyrir því hvort að náðst hafi samkomulag um friðlýsinguna við hlutaðeigandi aðila.

Sú tillaga að friðlýsingarskilmálum sem Umhverfisstofnun kynnir nú byggir á því samtali sem hefur átt sér stað á vettvangi samstarfshóps. Er tillögu að friðlýsingarskilmálum að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar www.ust.is.


Kynning á tillögu að friðlýsingu

Umhverfisstofnun leggur hér með fram tillögu að friðlýsingaskilmálum fyrir Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá í Garðabæ ásamt tillögu að mörkum svæðisins. Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna er til og með 23. mars 2020. Athugasemdum má skila með tölvupósti á netfangið ust@ust.is eða senda með pósti til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík. Umhverfisstofnun vekur athygli á því að innsendar athugasemdir eru hluti af stjórnsýslumáli og kunna að verða afhentar þriðja aðila sé óskað eftir í samræmi við upplýsingalög nr. 140/2012.

Frekari upplýsingar veita Ingibjörg M. Bjarnadóttir (ingibjorgb@ust.is) og René Biasone (rene@ust.is) með tölvupósti eða í síma 591-2000.

Virðingarfyllst


Ingibjörg Marta Bjarnadóttir
Sérfræðingur


René Biasone
Sérfræðingur

Fylgiskjöl
Tillaga að friðlýsingaskilmálum
Tillaga að mörkum svæðisins

Suðurlandsbraut 24 +354 591 2000
108 Reykjavík www.ust.is
Iceland

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03.2026

AUGLÝSING

um friðlýsingu Búrfells, Búrfellsgjár og Selgjár í Garðabæ

1. gr.

Um friðlýsinguna.

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið að tillögu Garðabæjar og Umhverfisstofnunar að friðlýsa Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá sem náttúruvætti skv. 48. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Búrfell er stakur gjall- og klepragígur sem tilheyrir eldstöðvakerfi Krýsuvíkur. Snemma á nútíma fyrir um 8100 árum rann úr Búrfelli Búrfellshraun sem hefur breytilega ásýnd eftir svæðum. Næst upptökunum í Búrfelli er hraunið slétt helluhraun með hrauntröðum eða hraunrásum með hellum. Fjar upptökunum er það klumpahraun.

Merkar hrauntraðir eru í helluhrauninum næst Búrfelli. Kringlóttagjá er sunnan við Búrfell og Lambagjá við Kaldársel. Búrfellsgjá og Selgjá liggja frá Búrfelli að Urriðakotshrauni. Þær eru í raun sama hrauntröðin, en hún skiptir um nafn við Hrafnagjá. Næst gígnum er Búrfellsgjá þröng og með bröttum veggjum. Þegar kemur niður á jafnsléttu verður hún lægri og víðari. Selgjá er slétt og breið með lágu veggjum. Hún hverfur á kafla þar sem hraunrásir með hellum taka við, en kemur aftur fram á kafla norðar í Heiðmörk. Fjölmargir hraunhellar og skútar eru í Búrfellshrauni. Margir þeirra hafa nýst sem fjárhellar og eru hleðslur við suma þeirra. Langflestir þeirra eru hraunrásarhellar sem myndast þegar hraunrásir tæmast. Margir slíkir eru rétt norðan við enda Selgjár og kallast þeir einu nafni Selgjárhellar. Fjölmargar sprungur og misgengi eru á svæðinu. Stefna þeirra er í langflestum tilvikum til norðausturs. Mestu og virkustu misgengin eru á mörkum Selgjár og Búrfells. Þar gengur Hjallamisgengið þvert yfir hraunið ásamt nokkrum minni misgengjum, þ.á.m. Hrafnagjá og Vatnsgjá.

Helstu vistgerðir innan svæðisins eru birkiskógur. Þar er einnig að finna hraunlendi þar sem er fyrst og fremst um að ræða mosahraunavist, en einnig lynghraunavist á milli og á stöku stað eyðihraunavist. Á skjólgóðum svæðum sem liggja lægra í landi er að finna lyngmóavist og grasmóavist.

Innan svæðisins er talsvert um friðlýstar formínjar, fjárskjól og seljarústir sem telja má einstakar í sinni röð byggðar upp við gjárbarmana með baðstofum, eldhúsi, kvíum og stekkjum. Gjáarétt liggur í vesturenda Búrfellsgjár auk fyrirhleðsla, réttargerðis og vatnsbólsins Vatnsgjá. Menningarminjarnar eru friðlýstar samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Svæðið er kjörið til útivistar, umhverfisfræðslu, og rannsókna, en Búrfell og nágrenni er vinsælt útivistarsvæði. Hluti svæðisins liggur innan Reykjanesfólkvangs.

Hið friðlýsta svæði er 3,4 km² að stærð.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda jarðmyndanir, eldhraun, eldstöð og hraunhella sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma. Markmið friðlýsingarinnar er einnig að varðveita náttúrulegt gróður- og dýralíf svæðisins. Verndargildi svæðisins felst fyrst og fremst í jarðfræðinni og jarðmyndunum svæðisins. Svæðið er mjög gott dæmi um jarðmyndanir sem eru sérstakar á landsvísi og hafa hátt vísinda- og fræðslugildi. Búrfell og hrauntraðir frá gígnum, gjárnar og misgengi eru mjög áberandi í landi.

Markmið friðlýsingarinnar er jafnframt að auðvelda almenningi aðgengi og kynni af náttúruminum þar sem svæðið er aðgengilegt og tilvalið til fræðslu og útivistar vegna nálægðar við höfuðborgarsvæðið.

Tillaga desember 2019

3. gr.

Mörk náttúruvættisins

Mörk svæðisins eru sýnd á korti meðfylgjandi auglýsingu og afmarkast af þeim hnítum sem gefin eru upp í ISN93 hnítakerfi í viðauka I.

4. gr.

Verndun jarðminja

Óheimilt er að hrófla við, raska eða skemma jarðmyndanir innan náttúruvættisins nema til komi sérstakt leyfi frá Umhverfisstofnun og Garðabæ. Til verndunar jarðmyndana er heimilt, að fenginni umsögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands, að fjarlægja gróður sem skyggir á jarðmyndanirnar.

Óheimilt er að planta hvers konar plöntum í jarðmyndunum.

Nánar skal fjallað um verndun jarðminja í stjórnunar- og verndaráætlun.

5. gr.

Verndun gróðurs og dýralífs

Vernda skal náttúrulegt gróðurfar með það að markmiði að ekki verði raskað líffræðilegri fjölbreytni svæðisins.

Óheimilt er að spilla gróðri, öðrum en ágengum framandi tegundum, nema um sé að ræða gróður sem spillir útsýni að jarðmyndunum á svæðinu. Vinna skal að því að fjarlægja ágengar framandi tegunda plantna og/eða dýra sem hafa verið flutt inn á svæðið eða berast inn á það.

Óheimilt er að trufla dýralíf á svæðinu.

Óheimilt er að sleppa eða dreifa framandi lífverum á verndarsvæðinu þ.m.t. rækta framandi plöntutegundir í náttúruvættinu sbr. reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000. Ekki er gert ráð fyrir gróðursetningu trjáplantna eða notkunar áburðar sem rýrir verndargildi svæðisins.

Nánar skal fjalla um verndun gróðurs og dýralífs í stjórnunar- og verndaráætlun.

6. gr.

Vernd menningarminja

Um vernd menningarminja fer eftir lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

7. gr.

Umferð um verndarsvæðið

Almenningi er heimil för um verndarsvæðið en er skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið og fylgja þeim umgengnisreglum sem gilda innan þess. Gestir skulu, eftir fremsta megni, fara eftir þar til gerðum stígum og stikuðum leiðum.

Akstur vélknúinna ökutækja utan vega er óheimill sbr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Innan náttúruvættisins er óheimilt að hafa næturgistingu í tjöldum, tjaldvögnum, fellihýsum, hjólhýsum, húsbílum og öðrum sambærilegum búnaði.

Öll meðferð elds er óheimil á svæðinu, þ.m.t. notkun ferðagrilla.

Hundar og önnur gæludýr skulu ávallt vera í taumi innan verndarsvæðisins og þess skal gætt að þeir séu undir tryggri stjórn og að þeir valdi ekki truflun fyrir gesti og dýralíf svæðisins.

Notkun fjarstýrðra loftfara er óheimil innan náttúruvættisins nema að fengnu leyfi frá Umhverfisstofnun. Þó er heimilt að nota fjarstýrð loftför, ef nauðsyn krefur, vegna leitar- og björgunaraðgerða og vegna umsjónar og eftirlits Umhverfisstofnunar. Minjastofnun Íslands hefur sömu heimildir innan friðhelgunarsvæðis menningarminja. Að öðru leyti skal farið eftir reglugerð nr. 990/2017 um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Tillaga desember 2019

Nánnar skal fjallað um umferð um verndarsvæðið í stjórnunar- og verndaráætlun og deiliskipulagi fyrir svæðið.

8. gr.

Um gengni um verndarsvæðið

Óheimilt er að skilja eftir eða urða úrgang innan verndarsvæðisins og skal allur úrgangur settur í þar til gerð ílát eða hann tekinn með út af svæðinu.

9. gr.

Umsjón

Umhverfisstofnun hefur umsjón með verndarsvæðinu í samræmi við 2. mgr. 13. gr. og 79. gr. laga nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun getur falið einstaklingum, sveitarfélögum eða öðrum lögaðilum umsjón og rekstur sbr. 85. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Til grundvallar samningi um umsjón og rekstur svæðisins skal liggja fyrir stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið. Í samningnum skal m.a. kveðið á um réttindi og skyldur sammingsaðila, menntun starfsmanna og gjalddöku.

Minjastofnun Íslands fer með umsjón menningarminja á svæðinu skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

10. gr.

Stjórnunar- og verndaráætlun.

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að gerð sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlýsta svæðið í samræmi við 81. gr. laga nr. 60/2013. Í stjórnunar- og verndaráætlun skal m.a. fjalla um landnýtingu, mannvirkjagerð, starfsemi, menningarminjar, landvörslu, vöktun, verndun, uppbyggingu, fræðslu og miðlun upplýsinga, verndaraðgerðir, aðgengi og umferð gesta, þ. á. m. aðgengi fólks með hreyfihömlun.

Stjórnunar- og verndaráætlun skal gerð í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands, Minjastofnun Íslands og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila.

Stjórnunar- og verndaráætlun er háð staðfestingu ráðherra.

11. gr.

Rannsóknir og vöktun

Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á vöktun á verndarsvæðinu sbr. 74. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Vöktunaráætlun skal vera unnin í samráði við Umhverfisstofnun og vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar.

Aðrar rannsóknir en Náttúrufræðistofnunar Íslands og Minjastofnunar Íslands sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eða truflun dýralífs eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

Veiting leyfa vegna rannsókna á menningarminjum fer eftir lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

12. gr.

Fræðsla

Umhverfisstofnun, í samstarfi við Garðabæ, hefur frumkvæði að fræðslu um svæðið. Í fræðsluefni skal upplýst um m.a. umgengnisreglur sem gilda á svæðinu og sérstöðu svæðisins.

Nánnar skal kveðið á um fræðslu í stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins.

13. gr.

Landhotkun og mannvirkjagerð.

Allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð og aðrar breytingar á landi innan friðlýsta svæðisins eru háðar leyfi Garðabæjar, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr.

Tillaga desember 2019

160/2010 og Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013. Innan friðhelgunarsvæða menningarminja þarf einnig að afla leyfis Minjastofnunar Íslands. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt deiliskipulag og stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið.

Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif utan friðlýsta svæðisins sem áhrif geta haft á verndargildi þess skal fyllstu aðgæslu gætt.

Vegna starfsemi eða framkvæmda, sem geta haft áhrif á friðlýsta svæðið, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt.

Losun jarðefna og úrgangs er óheimil innan friðlýsta svæðisins.

14. gr.

Starfsemi innan svæðisins

Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á jarðrask, aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, listviðburða og samkomuhalds. Innan friðhelgunarsvæða menningarminja þarf einnig að afla leyfis Minjastofnunar Íslands.

Starfsemi skal vera í samræmi við skipulag svæðisins.

Nánar skal fjallað um starfsemi innan svæðisins í stjórnunar- og verndaráætlun.

15. gr.

Notkun skotvopna.

Notkun skotvopna er bönnuð innan marka náttúruvættisins. Veiðar á ágengum framandi tegundum eru heimilar skv. almennum reglum þar um enda skulu þær stundaðar á vegum Garðabæjar og í samráði við Umhverfisstofnun, og vegna veiða á grundvelli laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994.

Nánar skal fjallað um veiðar innan náttúruvættisins í stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins.

16. gr.

Þvingunariðræði.

Um brot gegn friðlýsingunni fer samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

17. gr.

Bráðabirgðaaðkvæði

Þar til staðfest deiliskipulag og stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið liggja fyrir er Umhverfisstofnun heimilt að veita leyfi fyrir framkvæmdum ef þær ganga ekki gegn verndarmarkmiðum friðlýsingarinnar.


17. gr.

Gildistaka.

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Staður, dagsetning

Umhverfis- og auðlindaráðherra



 	Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá	Tillaga að mörkum friðlýsts svæðis Friðlýstar minjar 100 metra jaðarsvæði fyrir friðlýstar minjar Sveitarfélagamörk	Flatarmál: 340 ha. Kortavörpun: Lambert keiluvörpun Hnattstaða: ISN93 Kortagerð: Guðni Hannesson LMI Dags: 17.12.2019 © Landmælingar Íslands
--	---	---	--

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026